

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudaginn 1. febrúar 2019.



16. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Edward Huijbens (á fjarfundi), Una Hildardóttir, Bjarni Jónsson, Álfheiður Ingadóttir, Ragnar Karl Jóhannsson, Ingibjörg Þórðardóttir (á fjarfundi), Daníel Arnarsson, Anna Guðrún Þórhallsdóttir (á fjarfundi), Kolbeinn Óttarsson Proppé (fh. Þingflokks), Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm (UVG), Þóra Elfa Björnsson (EVG), Fh. Starfsmanna; Björg Eva Erlendsdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt, Anna Lísu Björnsdóttir, Kári Gautason.

Fundur settur kl. 17.07.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
2. Flokksráðsfundur og afmæli VG 8. – 9. febrúar.

Ingvar Arnarsson tekur sæti á fundinum kl. 17.16.

Undirbúningur, gestir, og fleiri praktísk mál. Farið yfir undirbúning flokksráðsfundar og afmælis VG sem fram fer 8-9 febrúar nk. Anna Lísu fer yfir skipulagningu afmælistálfings og afmælishátíðar. Stjórnarmenn hvattir til að vera duglegir að bjóða á málþingið. Flokksráðsfundur verður síðan föstudaginn 8. febrúar dagskrá liggur fyrir. Markmiðið er að halda snarpann og ánægjulegan fund í aðdraganda afmælisins. Ritstjórn hefur hafið undirbúning. Hreindís Ylva gerir grein fyrir undirbúningi um sögu VG. Erlendir gestir mæta á ráðstefnunna og munu þeir taka ýmis viðtöl við fjölmiðla. Ragnar Karl verður aðstoðarritari á flokksráðsfuninum.

3. Laganefnd fram að landsfundi 18. – 20. október.

Lagt er til að Katrín Jakobsdóttir, Bjarni Jónsson og Björg Eva Erlendsdóttir skipi lagabreytingarnefnd fram að landsfundi. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Erindi til stjórnar frá orku- og umhverfismálahópi.

Eftirfarandi erindi dags. 31.01.2019 barst stjórn hreyfingarinnar:

Orku- og umhverfismálahópur beinir því til stjórnar að allir málefnaþópar hafi loftslagsmál í forgrunni í vinnu sinni. Hugað verði að því hvaða áhrif mismunandi stefnumál hafi á kolefnisbúskap þjóðarinnar, hvernig hægt sé að minnka kolefnissporið. Með því að haga málum þannig getur orðið til heildstæð stefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í loftslagsmálum, þar sem öll stefnumál verði hugsuð út frá þeim. Það er trú orku- og umhverfismálahópsins að með því verði sleginn nýr tónn í stjórn málum, þegar t.d. stefna í atvinnumálum verður hugsuð út frá loftslagsspori, stefna í matvælum og neyslu og heilbrigðisstefna, svo dæmi séu tekin. Orku- og umhverfismálahópurinn leggur til að stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sendi öllum málefnaþópum erindi þar um og að frekari málefnavinna verði undir sömu formerkjum.

Umræður um erindið og hvernig taka megj næstu skref. Lagt til að fundað verði með hópstjórum og erindið kynnt fyrir þeim og rætt þar sem áhersla verði á loftslagsmálin. Ákveðið að Elín Oddný og Kolbeinn Proppé beri ábyrgð á að kalla saman hópstjórafund til að fara yfir málið, þau njóti liðsinnis skrifstofu við fundarboðun.

5. Aðgerðahópur til eflingar svæðisfélögum.

Stjórn VG leggur til að stofnaður verði aðgerðahópur til að efla svæðisfélögin og huga að framtíðarskipulagi þeirra á heitum og köldum svæðum. Framkvæmdastjórn verður falið að setja hópinn saman.

Hópurinn verði skipaður 6 stjórnarmönnum og 2 starfsmönnum skrifstofu. Öll svæðisfélög á landinu verði heimsótt og skipulagðir opnir fundir með hverju þeirra til að efla starfið og finna nýja félaga. Rætt verði við formenn og stjórnir bæði virkra og óvirkra svæðisfélaga um sóknarfæri á hverju svæði. Og stofnum svæðisfélög á stærri köldum svæðum þar sem engin starfsemi er nú, engar stjórnir en samt skráðir félagar.

Starf aðgerðahópsins skal hefja strax á næstu vikum og því skal ljúka tímanlega fyrir næstu kosningabaráttu, svo svæðisfélögin standi sterk þegararáttan hefst.

Skrifstofa er að leggja lokahönd á handbók stjórna fyrir svæðisfélög og sendir fljótlega hana á formenn allra félaga til að hafa hliðsjón af við uppbygginguna.

Tillagan samþykkt.

Lagt er til að eftirfarandi skipi aðgerðarhópurinn:

Fh. Stjórnar

Edward Hujibens.

Álfheiður Ingadóttir.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Daníel Arnarson.

Bjarni Jónsson.

Ingibjörg Þórðardóttir.

Fh. Skrifstofu

Björg Eva Erlendsdóttir

Bjarki Þór Grönfeldt.

Tillagan samþykkt.

6. Beiðni frá Lýsu á Akureyri (áður Fundi fólksins) um að stjórn málaflokka komi að skipulagi, kostnaði og undirbúningi.

Björg Eva gerir grein fyrir erindi frá Lýsu um aðkomu stjórn málaflokka að hátíðinni. Samþykkt að Björg Eva fari á undirbúningsfund vegna næstu hátíðar til að ræða framhaldið.

7. Fjármál.

Björg Eva fer yfir stöðu fjármála hreyfingarinnar. Bjarki fer yfir stöðu styrktarmannakerfisins. Regluleg tíund kjörinna fulltrúa verður hækkuð í takti við hækkun launa og hámarks framlagi til stjórn málahreyfinga.

8. Önnur mál.

a.) Auka stjórnarfundur verður miðvikudaginn 6. febrúar kl. 17.00.

b.) Veggjöld – umræða um stöðu mála. Mikilvægt að skipaður sé hópur innan okkar hreyfingar til að fara yfir þessi mál.

c.) Umræða um umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. KÓP segir frá stöðu mála.

Fundi slitið kl. 18.48.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá miðvikudaginn 6. febrúar kl. 17.00.